



Reykjavík 17.08.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 16. ágúst 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Holtavegur 23, Langholtsskóli


Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, mótt. 18. júlí 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Langholtsskóla að Holtavegi 23. Í breytingunni felst að núverandi byggingarreitur fyrir færanlegar stofur á suðausturhluta lóðarinnar sunnan við álmu C færist nær álmu C, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18. júlí 2017.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Visað til borgarráðs.*


F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir


Fylgiskjöl: uppdráttur umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 18. júlí 2017 og minnisblað skóla og frístundasviðs



Deiliskipulagsbreyting samþykkt í borgarráði 11.06.2015 mkv. 1:1000



Tillaga að deiliskipulagsbreytingu mkv. 1:1000



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2010-2030

Skýringar

- Mörk deiliskipulagsbreytingar
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Byggingarreitur færanlegra kennslustofa
- Svæði fyrir bílastæði
- Núverandi byggingar
- Byggingaráfangar

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1.mgr.43 gr. skipulags-og byggingarlaga nr.123/2010 var samþykkt í

_____ þann _____ 20__ og

í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemda-fresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

staðgreinir 1.430.1	
Verk	HOLTAVEGUR 23
Langholtsskóli	
Deiliskipulagsbreyting	Mkv. 1:1000
Teiknað/hannað af DH	Dags. 18.07.2017
blaðstærð A2	
 Rúnar Gunnarsson arkitekt faí 090550-7999 Dagný Helgadóttir arkitekt faí 220849-3769 Anna María Benediktsdóttir arkitekt 041265-3969	
Umhverfis-og skipulagssvið Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411- 8000	

GREINARGERÐ:
Í gildi er skipulagið Heimahverfi samþykkt í Bæjarráði Reykjavíkur 3.02.1956 með síðari breytingum.
2008 var samþykkt deiliskipulagsbreyting þar sem boltagerði var staðsett á lóðinni og byggingarreitur fyrir viðbyggingu í álmu B, ásamt niðurfellingu bíla-stæða í suðausturhluta lóðar. Vegna fjölgunar nemenda þarf að koma fyrir færanlegum stofum á næstu árum.
Byggingarreitum fyrir færanlegar stofur var komið fyrir annars vegar á suð-vesturhluta lóðar og hins vegar á suðausturhluta lóðar sunnan við ámu B. Byggingarreitur í norðausturhluta lóðar var fjarlægður.

Breytingin felst í:


Byggingarreitur í suðvesturhluta lóðar er færður í norðausturhluta lóðar og minnkaður.
Að öðru leyti gilda eldri skilmálar óbreyttir

Byggingarár skólans:

1.áfangi álma A	1950	Færanlegar kennslustofur:	
kennslustofur:		Tvær	2005
2.áfangi álma A	1965	Ein	2006
3.áfangi álma B	1965	Fjarlægðar	2009 - 2010
4.áfangi álma C	1976		
5.áfangi D	2004		

Afmörkun lóðar var samþykkt í borgarráði 20.11.90

SKILMÁLAR
Boltagerði:
Mörkin eru 3 m á breidd og 2 m á hæð. Aðkoma in á völinn er um op á langhlið.Girðing er umhverfis völinn og verður hann uppýstur með allt að 8m háum ljósausturum.
Lýsing er skermuð af og beint inn á grasvölinn.
Girðingin umhverfis völinn er allt að 1.2m hæðá langhliðum og er hæst 3m fyrir miðjum velli við mörkin.
Sjá skýringarupprátt.



HELSTU STÆRÐIR FYRIR BREYTINGU

Lóð:	22.200.0 m2
Byggingarmagn allt að:	6.865.0 m2
Bílastæði á lóð allt að:	80

HELSTU STÆRÐIR BREYTINGU

Lóð:	22.200.0 m2
Byggingarmagn allt að:	6.865.0 m2
Bílastæði á lóð allt að:	80

Byggingarmagn færanlegra kennslustofa á reit á norðausturhluta lóðar. um 170 m2
Byggingarmagn færanlegra kennslustofa á reit á suðausturhluta lóðar. um 260 m2



Skýringarmynd - loftmynd

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Rúnar Gunnarsson, deildarstjóri hjá umhverfis og skipulagssviði.

Sendandi: Daníel Benediktsson, verkefnastjóri fasteigna- og búnaðar skóla- og frístundasviðs

Efni: Færanlegar stofur við Langholtsskóla

Eftir að hafa skoðað staðsetningu á tveimur færanlegum stofum við Langholtsskóla kemur best út að mati skóla og frístundasviðs og stjórnenda Langholtsskóla að staðsetja þær á malbikað plan norðaustanmegin við skólann (sjá mynd).



Ástæður að þessi staðsetning hentar betur en aðrar er að þar munu þær nýtast skólastarfinu vel þar sem það er stutt frá skólanum. Staðsetningin er einnig í nálægð við alla árganga skólans en ef þær yrðu staðsettar suðvestan megin yrðu þær einungis í tengingu við unglingadeild. Í dag hafa börn notað svæðið til boltaleikja en til að leysa það verður frímínutum skipt upp milli árganga og verður því meira pláss á lóðinni vestan megin til þessara leikja. Einnig er ekki verið að ráðast á bílastæði skólans sem er nú þegar ekki nægjanlega stórt fyrir mikinn fjölda starfsmanna.